

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar er taki gildi frá og með 1. júní 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 103, 26. febrúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gudrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um skráningu vörumerkja og gæðamerkja í eigu atvinnurekenda í vissum erlendum ríkjum.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sbr. 6. gr. laga um almenn gæðamerki, nr. 89 3. maí 1935, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sem skyldar atvinnurekanda til að sanna að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu verður ekki beitt gagnvart atvinnurekendum í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

2. gr.

Ekki verður þess heldur krafist að félag sanni skráningu á gæðamerki í heimalandi sínu ef félagið hefur aðsetur í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

Iðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.

Jón Sigurðsson.

Gunnar Guttormsson.